

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags Holtahverfis á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 11. apríl 2017 var samþykkt tillaga að breytingu deiliskipulags Holtahverfis á Húsavík. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1 þar sem fram koma bæði uppdrættir og greinargerð.

Í breytingu deiliskipulagsins felst breyting 13 einbýlishúsalóða í 13 parhúsalóðir á E-svæði auk minniháttar breytinga á lóðarmörkum. Ennfremur eru heimilaðar sex íbúðir í raðhúsi að Lyngholti 42-52 þar sem áður var miðað við fjórar íbúðir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 19. maí 2017.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2017